



Ferðapjónusta

Forsendur



Það eru fáar atvinnugreinar sem vaxa jafnhrað í heiminum í dag og ferðapjónustan og með auknum frítíma fólks mun verða stöðugur vöxtur í greininni á komandi árum. Ísland hefur ekki farið varhluta af þeirri þróun og hefur orðið gríðarleg fjölgun á komu erlendra ferðamanna til landsins á undanförunum árum. Á síðustu 15 árum hefur erlendum ferðamönnum fjölgað um nærri 200% og voru þeir yfir 300 þúsund árið 2000, eða 100 þúsund fleiri en 1997. Hlutdeild ferðapjónustunnar í vergri landsframleiðslu var tæp 5% árið 2000.

Reykjavík er helsti ferðamannastaður Íslands en talið er að um 97% þeirra ferðamanna, sem heimsækja landið, komi til höfuðborgarinnar. Fullyrða má að meðaldvalartími ferðamanna, sem koma til Reykjavíkur, sé að lengjast og ferðamenn gefi sér betri tíma en áður til að upplifa höfuðborg landsins. Á allra síðustu árum hefur verið að myndast eins konar borgarmenningar ferðapjónusta í Reykjavík sem m.a. kemur fram í fjölgun veitinga- og kaffihúsa og stórbættri nýtingu hótela í Reykjavík yfir vetrarmánuðina. Nýting hótela og gistihúsa í Reykjavík í febrúar hefur batnað um 36% á síðustu 5 árum meðan nýtingin í júlímánuði stendur í stað. Fjöldi ársverka í ferðapjónustu á höfuðborgarsvæðinu var tæplega 2000 árið 2001.




Ljóst er að gífurlega miklir möguleikar felast í ferðapjónustu á Íslandi og ekki síst í Reykjavík. Vakning í heilsutengdri og menningartengdri ferðapjónustu á undanförunum árum ætti að tryggja áframhaldandi vöxt í ferðapjónustu á Íslandi og ætti að styrkja enn frekar stöðu Reykjavíkur sem helsta ferðamannastaðar landsins. Verkefnið *Reykjavík-Menningarborg Evrópu árið 2000* hefur eflaust treyst Reykjavík enn frekar í sessi sem menningarleg ferðamannaborg.

Virkja þarf vannýttta möguleika í ferðapjónustunni og stuðla þarf að reglulegri endurskoðun á stefnumótun í ferðamállum þar sem að koma ferðapjónustuaðilar, borgaryfirvöld og önnur ferðamálayfirvöld. Mikilvægt er að samræma uppbyggingu í ferðapjónustu við skipulag byggðar, t.d. í sambandi við almenningsamgöngur, staðsetningu hótelsvæða, uppbyggingu safna, skemmtigarða og sýningarsvæða.

Stefnumótun í ferðapjónustu í Reykjavík

Á fyrri hluta ársins 1997 samþykkti borgarstjórn stefnumótun í ferðapjónustu í Reykjavík, *Stefnumót 2002*. Að þeirri vinnu komu fjölmargir aðilar, stjórnmalámennt, starfsmenn borgarinnar og ríkisins og hagsmunaaðilar í ferðapjónustu. Í skýrslu verkefnisstjórnar er lagt til að slagorð Reykjavíkurborgar í ferðamállum verði *Reykjavík – next door to nature*. Eftirfarandi framtíðarsýn er m.a. sett fram:

- Árið 2002 verði Reykjavík þekkt sem hreinasta höfuðborg Evrópu, með stórbrotna náttúru og útivistarmöguleika á næsta leiti; áhugaverður áfangastaður innlendra og erlendra ferðamanna allt árið.
- Lögð verði áhersla á Reykjavík sem höfuðborg og sérstaða hennar miðað við nálæggar höfuðborgir verði dregin fram.
- Markaðssetning og uppbygging Reykjavíkur og nágrennis miðist við að efla afþreyingu sem byggir á þátttöku ferðamanna, styðja listsköpun og frumkraft menningar, koma á framfæri fræðslu um náttúrulega orkugjafa og styrkja óflugt mannlíf.



Hvernig styður aðalskipulagið við eflingu ferðaþjónustu?



Eitt meginstefnumiða aðalskipulagsins um vistvæna borg samræmist mjög vel þeirri framtíðarsýn sem sett er fram í stefnumótun í ferðaþjónustu, *Stefnumót 2002*. En það eru ekki síður stefnumið aðalskipulagsins um öfluga höfuðborg og alþjóðlega borg sem stenst samanburð við heimsborgir sem ættu að stuðla að eflingu Reykjavíkur sem ferðamannaborgar.

Aðalskipulag Reykjavíkur 2001 til 2024 styður við eflingu ferðaþjónustunnar m.a. með eftirfarandi hætti:



- Efling miðborgarinnar er lykilatriði í þróun Reykjavíkur sem ferðamannaborgar. Stuðlað er að eflingu miðborgarinnar með margvíslegum hætti í aðalskipulaginu, m.a. með samþjöppun menningarstofnana í miðborginni, þéttingu íbúðarbyggðar og atvinnusvæða í miðborginni og á nærliggjandi svæðum og bættum samgöngum að og frá svæðinu (sjá AR9).
- Aukin gæði byggðar og bætt hönnun í miðborginni og almennt í borginni er frumforsenda þess að Reykjavík standi sig í samkeppni við aðrar borgir um ferðamenn, ráðstefnur og alþjóðlega viðburði. Auka þarf gæði byggðar í miðborginni með vandaðri hönnun bygginga, sköpun heildstæðra götummynda og göturýma sem hafa þarfir hins gangandi vegfaranda í fyrirrúmi. Til að skapa Reykjavík sérstöðu í alþjóðlegri samkeppni borga verður að leggja áherslu á hið staðbundna við hönnun hins byggða umhverfis; að ná fram heildaryfirbragði sem skirskotar til náttúrunnar, landsins og sögunnar. Það er jafnmikilvægt að slíkar tilvísanir birtist í einstökum húsbýggingum og í hinu hannaða umhverfi milli húsanna.
- Bætt tengsl byggðarinnar við útivistarsvæði og opna náttúru og áætlanir um frekari verndun svæða með náttúruverndargildi styrkja ímynd Reykjavíkur sem heilsuborgar og höfuðborgar "next door to nature".
- Áhersla aðalskipulagsins á vistvænar samgöngur (sjá AR5 og AR12) styrkir Reykjavík sem ferðamannaborg. Ferðamaðurinn er gjarnan gangandi vegfarandi og notandi almenningsgangna. Áherslur aðalskipulagsins á bætt umhverfi gangandi vegfarenda og aukinn forgang strætisvagna í umferðinni bætir þjónustu við ferðamenn sem ætti að auka aðdráttarafl Reykjavíkur sem ferðamannaborgar.
- Bættar samgöngur við alþjóðlegan flugvöll í Keflavík með byggingu alhliða samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýrinni mun bæta þjónustu við erlenda ferðamenn. Bygging hágæða lestasamgangna milli Keflavíkur og Reykjavíkur myndi bæta þessa þjónustu enn frekar og jafnframt styrkja ímynd Reykjavíkur sem vistvænnar og alþjóðlegrar ferðamannaborgar (sjá AR12).
- Áhersla á Reykjavík sem alþjóðlega þekkingarborg, sem laðar til sín þekkingarfyrirtæki og rannsóknastofnanir og vel menntað vinnuafll erlendis frá (sjá AR10), mun hafa mikil áhrif á fjölgun erlendra ferðamanna, fjölgun alþjóðlegra ráðstefna og annarra alþjóðlegra viðburða og mun stórefla ferðaþjónustu í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu.